

Þáttökusamningur vegna starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs

Samningur milli VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs og < nafn einstaklings>, hér eftir nefndur þátttakandi, um markmið og þátttöku í starfsendurhæfingu sem miðar að aukinni starfsgetu á vinnumarkaði.

1. grein

Markmið og tilgangur

Markmið samningsins er að auka starfsgetu þátttakanda og virkja hann á vinnumarkaði með aðstoð ráðgjafa VIRK í starfsendurhæfingu.

2. grein

Áætlun um atvinnutengda starfsendurhæfingu

Þátttakandi skuldbindur sig til að fylgja þeim áætlunum sem settar verða fram á ferli hans hjá VIRK eftir bestu getu.

3. grein

Réttindi og skyldur

VIRK telur að þátttakandi uppfylli skilyrði 11. gr. laga nr. 60/2012 fyrir þjónustu en áskilur sér rétt til að endurskoða þá ákvörðun ef aðstæður gefa tilefni til.

Ráðgjafi VIRK mun veita þátttakanda stuðning og ráðgjöf til að framfylgja þeim áætlunum sem settar verða fram á meðan þátttakandi er í þjónustu VIRK. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður mun fjármagna þau úrræði sem áætlanir tilgreina að hluta eða öllu leyti og í samræmi við þær reglur sem gilda á hverjum tíma hjá VIRK.

Ef sérstakar aðstæður koma í veg fyrir þátttöku í áætlunum skal þátttakandi gera ráðgjafa viðvart um þær án tafar. Í sameiningu munu aðilar leita leiða til að aðlaga áætlunina að breyttum aðstæðum þátttakanda.

Þátttakandi skuldbindur sig til virkrar þátttöku í atvinnutengdri starfsendurhæfingu og hverjum þeim úrræðum sem starfsendurhæfingaráætlun hans gerir ráð fyrir. Þátttakandi lýsir sig reiðubúinn til að hlíta fyrirmælum ráðgjafa VIRK um þjónustuúrræði. Miðað er við að þátttakandi mæti í alla tíma til ráðgjafa og úrræðaaðila nema sérstakar ástæður hamli.

Ef þátttakandi getur ekki mætt í þau úrræði sem tilgreind eru í áætlunum sem settar verða fram meðan þátttakandi er í þjónustu VIRK ber hann ábyrgð á því að afboða sig tímanlega. Að öðrum kosti er hann sjálfur ábyrgur fyrir greiðslu gagnvart úrræðaaðila. Tekið skal fram að þátttakandi ber sjálfur ábyrgð á útlögðum kostnaði vegna sjúkráþjálfunar en getur sótt um styrk, sjá nánar á [vefsíðu VIRK](http://www.virk.is/is/einstaklingar/styrkir-vegna-sjukrathjalfunar) (www.virk.is/is/einstaklingar/styrkir-vegna-sjukrathjalfunar).

Ef mæting þátttakanda í viðtöl til ráðgjafa og í þjónustu hjá öðrum fagaðilum sem VIRK greiðir fyrir er lakari en sem nemur 80% án þess að forföll hafi verið boðuð með haldbærum skýringum þá er VIRK heimilt að vísa þátttakanda úr þjónustu og þá falla einnig niður greiðslur VIRK vegna þjónustu annarra fagaðila. Með 80% mætingu er átt við að mæting hjá hverjum þjónustuaðila fyrir sig (ráðgjafa, úrræðaaðila) þurfi að vera að lágmarki 80%. VIRK getur farið fram á að einstaklingur skili læknavottorði ef veikindi hamla mætingu í úrræði eða hjá ráðgjafa.

Sé háttsemi þátttakanda að öðru leyti með þeim hætti að hann sýni ekki vilja til virkrar þátttöku í starfsendurhæfingarferli sínum getur það einnig leitt til brottvísunar úr þjónustu.

Ofbeldi, ógnandi framkoma, hótanir eða annars konar óviðeigandi hegðun þátttakanda í garð starfsmanna VIRK og þjónustuveitenda leiðir til brottvísunar úr þjónustu hjá VIRK. Gerist þátttakandi uppvís um slíkt fellur þessi samningur þegar úr gildi.

Ef þátttakandi hættir einhliða þátttöku í starfsendurhæfingu hjá VIRK fellur þessi samningur úr gildi og þar með stuðningur ráðgjafa og VIRK við þær áætlanir sem settar hafa verið fram.

Ef þátttakandi nýtur endurhæfingarlífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) ber hann sjálfur ábyrgð á að senda áætlanir til TR á sínum síðum þegar þörf er á.

Staður og dagsetning: _____

Nafn og undirskrift þátttakanda

Nafn og undirskrift ráðgjafa VIRK